Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 8


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

121

Velæruverðugi Stjórn

Þar eð mjer er ætlað að borga aukaútsvar 25 krónur á þessu ári.
Af ástæðum sem eg tilfæri, verð eg að beiðast undan því galdi,
ástæðurnar eru að eg á Krossmessu þetta ár, fer eg hjeðan úr bænum
og mitt lögheimili verður þá vestur í Dalasýslu, önnur ástæðan er
að eg hef engva atvinnu haft hjer síðan á nýári í vetur. Jeg vona
því að bæjarstjórnin líti svo á að rjettlátt sje, að þessar 25 krónu
aukaútsvar sjeu strikaðar út.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 21/4 1909

Jón Magnússon
Trjesmiður
Grettisgötu 11.

Til Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

122.

Þar sem mjer finnst hinni háttvirtu niður-
-jöfnunarnefnd ekki hafa verið nógu kunnar tekjur
mínar á liðnu ári þegar jafnað var niður sveita-
útsvörunum, þá vil jeg hjermeð leyfa mjer að tilkynna
henni jafnhliða og jeg verð að biðja um lækkun á
sveitagjaldinu að jeg síðastliðið ár hafði mjög litlar
tekjur og í samanburði við aðra málara t. d. Pjetur
Egilsson Kristján Hansson trjesmið og Guðjón Jónsson
málara þá leyfi jeg mjer að fara fram á að mitt
útsvar verði lækkað að mun. Eins og yður máske er
kunnugt hefi jeg haldið Einar sál Arnason meðgjaf-
-arlaust frá Reykjavíkurbæ í 14 ár hefi móður mína
á gamals aldri og 4. börn á ómagaaldri. Og verð jeg
að álíta þetta sjeu nógar ástæður að jeg bið um lækkun
á útsvari mínu, og vona fastlega eftir að hin háttvirta
nefnd taki þessa umkvörtun mína til greina.

Virðingarfyllst. 22/4 1909
Jón Bjarnason Málari
Hverfisgötu 27

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

123

Björn Símonarson
gullsmiður
Vallarstræti 4. Telefon 153.

Reykjavík 190

№ 633

Hér með verð jeg að tjá hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, að við síðustu niðurjöfnun á bæarbúa, hefur hún álitið mig vera vinnukonu í staðin fyrir námsstúlku, og verð jeg því að álíta mig undanskildar frá þeim lögum sem ákveða að skyldir sjeu að greiða aukaútsvar til bæjarins

Reykjavík 22-3-09

Hjer með vottast að þetta er rjett
Björn Símonarson

Friðfríður Símonars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

124

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur, sje jeg að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig 4 kr. aukaútsvar. Þarsem jeg er heimilisföst austur í Biskupstungum í Árnessýslu og aðeins hefi dvalið hjer í bænum í vetur til náms, þótt jeg til þess að geta staðist þann kostnað hafi ráðið mig sem vetrarstúlku, þá hygg jeg að jeg eigi að vera laus við útsvarið, og það hafi verið á mig lagt eingöngu sakir þess að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hafi verið ókunnugt um hagi mína. Í trausti þess að hinni háttvirtu nefnd megi þóknast að taka þessa umsögn mína til greina.

Reykjavík, 23. april 1909

Kristín Jónsdóttir

Spítalastíg 24.

Til

hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

125

Reykjavík 23. apríl 1909.

H.

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur fyrir yfirstandandi ár gjört mjer 125 króna aukaútsvar, en með því að mjer þykir útsvar þetta tiltölulega allt of hátt í samanburði við útsvar ýmsra annarra bæjarbúa, vil jeg leyfa mjer að fara fram á að það verði að minnsta kosti fært niður í 100 krónur.

Eins og niðurjöfnunarnefndinni ætti að vera kunnugt um, eru tekjur mínar af eign Kr. 425.

Tekjur af atvinnu minni voru síðastliðið ár um 1000 krónur eins og jeg hefi á sínum tíma skýrt skattanefnd bæjarins frá og eru allar líkur til að þær verði mun lægri þetta ár, og skal jeg í þessu sambandi geta þess, að er jeg í vetur sótti um 800 króna starf til bæjarstjórnarinnar, bauðst jeg til, ef krafist yrði, að leggja niður þessa atvinnu.

Af húseign minni hefi jeg auk húsnæðis fyrir mig og mína 240 krónur á ári, en aptur á móti hvíla á þessari húseign 10.000 króna lán, og borga jeg árlega vexti af því og öðrum skuldum upphæð, sem nemur 525 krónum.

Viðvíkjandi Fjelagsprentsmiðjunni, sem jeg er meðeigandi í, skal þess getið, að á hana er lagt sjerstaklega 50 króna útsvar, enda þótt hún hafi ekki 2 síðastliðin ár gefið eigendum sínum nokkurn hagnað.

Tekjur mínar verða því auk húsnæðis undir 1140 krónum.

Til samanburðar vil jeg nefna herra skólastjóra séra Magnús Helgason og herra vegfræðing Eggert Briem, sem ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa sama útsvar og þó og mjög líkar ástæður að því er heimilis-
hag snertir.

Séra Magnús Helgason hefir í árleg laun 3000 kr. auk bústaðs, ljóss og eldiviðar, og mun ekki of mikið í lagt að meta ljós og eldivið á 300 kr. Að því er snertir efnahag hans get ég ekki farið út í neinar tölur, en almennt er hann talinn efnaður maður.

Tekjur séra M. Helgasonar verða því Kr. 3300 + bústað + tekjur af eign.

Eyjólfur Eiríksson hefir í tekjur af eign 1000 krónur samkvæmt skattskránni; af atvinnu mun hann hafa talsvert meiri tekjur en það og af húseign sinni hefir hann auk bústaðar fyrir sig og sína eflaust allmikla upphæð í leigu, sem gjöra má ráð fyrir að nemi talsvert meiru en það sem hann kann að þurfa að borga í vexti af lánum á húseigninni.

Tekjur Eyjólfs Eiríkssonar verða því Kr. 2000 + búst. + tekjur af húseign.

Af þessum samanburði er það skiljanlegt, að útsvar mitt ætti alls ekki að ná 100 krónum, þegar lagðar eru 125 krónur á þessa herra, sem ég hér hefi nefnt.

Virðingarfyllst

Halldór Þórðarson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1909, sé eg, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig 300 kr. aukaútsvar, og finn eg mig því knúðan til þess, að bera mig upp undan útsvari þessu, og fara fram á, að það sé lækkað allt að helmingi.

Jeg gjöri ráð fyrir — og það ber útsvarið vott um —, að hinni háttvirtu nefnd hljóti að vera ókunnugt um ástæður mínar, sem og er eðlilegt, þar sem eg fluttist hingað til kaupstaðarins á síðastl. hausti, og enginn nefndarmanna hefur innt mig neitt eptir ástæðum mínum. — Tel eg víst, að nefndin hafi að eins litið á það, sem eg hefi eignarhald á, en á hinn bóginn verið ókunnugt um það, að um síðastl. áramót hvíldu á mér yfir sjötíu þúsund króna skuldir, megnið í bönkum hér, og á Ísafirði, er eg því verð að greiða mér allþungbæra vexti af. — Atvinna mín er að eins bóka-útgáfa, sem og blaðið „Þjóðv.“, sem engum bæjarbúa hefur enn þóknast að auglýsa eina línu í, síðan eg fluttist hér til kaupstaðarins, og get eg eigi talið árstekjur mínar hærri, en 5000 kr. í hæsta lagi, að meðtalinni verslun á Ísafirði, eða réttara arði af henni, og af hagnýtingu Bessastaða nú til fardaga.

Hvað verslun mína á Ísafirði snertir, þá er bæði, að á hana er lagt útsvar þar, enda að eins smáverslun, sem að eins selur vörur fyrir rúmar 20 þús. króna að útsöluverði, og sem að eins hefur verið haldið áfram, sakir innheimtu skulda frá þeim tíma, er eg rak ~~[illegible]~~ verslun,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem og vegna vínbirgða, er þá voru, og
á verslunina er, sem nefndin veit, fyrr
segir lagt útsvar á Ísafirði:

Í Bessastaðahreppi var og síðastl. sumar lagt útsvar á mig fyrir yfirstandandi fardagaár, þ. e. til miðs verði júnímánaðar þ. á., og er því enn hart, að vera nú gert 300 Kr. útsvar, nýkominn hér í kaupstaðinn.

Þegar nú hér við bætist, að eg kosta tvo syni mína til náms í Kaupmannahöfn, og hefi þess utan fyrir 9 börnum að sjá, sem hjá mér eru, auk uppkominnar dóttur, þá vona eg, að hin háttvirta nefnd sjái, að útsvar það, sem hún hefur lagt á mig, nær engri átt, sem auðvitað stafar af ókunnugleika nefndarinnar.

Sakir ókunnugleika míns, á eg örðugt með, að bera mig saman við aðra bæjarbúa, enda ósiðfelldur aðferð — sem úr lögum ætti að hverfa — og mér ógeðfelld. — Eg skal því geta þess, að landritara Kl. Jónssyni, sem hefur 6000 kr. árslaun, og að eins tvær uppkomnar dætur, er að eins gert að greiða 325 Kr.

Af framan greindum ástæðum vænti eg þess, að nefndin taki kæru mína til greina, sem hún sér sér frekast auðið.

Reykjavík 23. apríl 1909.

Skúli Thoroddsen

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

127

Samkvæmt skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavík, fyrir þetta ár, er mér ætlað að greiða 16 krónur í aukaútsvar.

Með því að mér þykir útsvar þetta ókaflega hátt, eptir gjaldþoli mínu og í samanburði við útsvör annara gjaldenda hér í bænum, vil ég gera hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd nokkra grein fyrir ástæðum mínum, þar sem ætla má, að henni sé lítt kunnugt um þær.

Eins og manntalsskýrslan frá heimili mínu sýnir, er annað barna minna í ómegð, en hitt stundar skólanám og ver til þess 9 mánuðum af árinu.

Ég hefi sjálf enga arðberandi atvinnu, og er mjög óhraust til heilsu.

Árstekjur mínar eru landskuld af 20 hdr. jörð ásamt leigum eptir 2 innstæðukúgildi, er henni fylgja. (upphæðina get ég ekki nefnt, af því að leigusamningarnir eru – af sérstökum ástæðum – ekki fullgerðir enn) En tekjur þessar verða ekki meiri en svo, að vatla nema ársleigu fyrir nægilegt húsnæði handa okkur hér í Reykjavík. Allan annan tilkostnað yrði ég að geta borgað með vinnu, til þess að geta staðist straum af veruvistinni hér, án þess að selja það sem til er, eða safna skuldum. Er því ókleift að gera ráð fyrir talsvert meiri útgjöldum en tekjum.

Eins og meðlagður seðill sýnir, er mér gert útsvar þar sem ég var búsett síðastliðið ár. Það er lagt á að sumrinu – af kunnugum mönnum – og er þó ekki nema 5 krónur. Þetta vona ég að nefndin geti haft til hliðsjónar. – Ég sé ekki þörf á því, að taka neina sérstaklega til samanburðar, en þó mundi ég geta bent á borgara hér í bænum, sem hafa nálega tvöfalt meiri tekjur en ég, og líkar ástæður að öðru leyti, en þurfa ekki að greiða meira útsvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en sem nemur einum fjórða hluta af útsvari mínu.

Af greindum ástæðum leyfi ég mér hér með að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún lækki útsvar mitt að miklum mun og láti það ekki fara fram úr 6 krónum. Þetta er hin langminsta lækkun, er ég get farið fram á.

Ennfremur er það krafa mín, að fyrri hluti útsvarsins falli niður, þar sem mér er gert útsvar annarsstaðar fyrir þetta fardagaár, en nær því helmingur þess fellur yfir á almanaksárið, sem hér er miðað við; því að ég lít svo á, að ekki geti mér verið skylt að gjalda samskonar opinber gjöld, fyrir sama tíma, á tveim stöðum.

Reykjavík, Laufásv. 27; 21. apríl 1909.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Til formanns niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Ekkja Ingibjörg Sigurðardóttir
Hofdölum

Á að greiða til [illegible] víkur
hrepps. Kr

1. Tíund - - 0.59
2. Aukaútsvar - 4.41
3. Vegagjald „

Samtals 5.00

Borgist með peningum fyrir 31. desbr. næstkomandi. Nánari jöfnun til sýnis á Vatnsleysu

p. t. Vatnsleysu 3/11 '08
Hreppsnefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óskast borgað af ábúanda
sem umsjón hefir á lausafjám
Vatnsl. 3/11 '08
Hreppsnefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í nærfelt 30 ár, sem eg hefi goldið bæjarútsvar, hefi eg aldrei getað talið út í útsvari mínu; og hef eg oft átt bágt með út-svari að gegna. En — nú á síðustu árum sé eg mig knúðan til að kæra útsvar mitt. Eg hefi séð af útsvarsskránni, að útsvar mitt, sem síðan að hefir verið á mig í haust, er 125 krónur. hefir það verið hækkað um meira en helming. Ekki hefði það verið mér neitt óánægjuefni, þótt hækkað væri á mér, og það lít svo mann; eg hef aldrei undanskilið mig og mæli mig ekki undan sanngjörnum gjöldum í félagsþarfir. En að hækka útsvar mitt, úr 65 krónur, það hér eg ekki neitt samanburð við það, sem hækkað hefir verið á bæjarbúum yfir höfuð. Hefði þörfin bæjarins heimtað, að hækkað væri á gjaldendum um og yfir helming, þá var eðlilegt, þótt eg hefði sætt sömu kjörum. En — hví tekur mig einan og hækkar á mér svo mjög fram yfir mörgum aðra? Eg hefi ekki orðið var við neina breyting á mínum högum, sem mér sé kunn. Eg skal leyfa mér að taka til samanburðar við mig hr. Magnús Helgason skólastjóra. Hann hefir í laun 2400 kr., eins og eg, en fríu hús, ljós og eldivið að auki leyfi, og segir það sig sjálft á móti því, sem eg þarf fyrir annarri, sem er lítið annað en fyrir vöxtu í húsinu. Hann heimtir úr skólanum, þótt ekki væri í launum í þessum húsum. Eg fékk skuld við hann minni, og kaupa og átt yfir því. Hann á engan ómaga. Eg á son minn á háskólanum, styrklausan nú á síðustu árum, sem þarf hann og sendi honum. Er mér engin launung á, að eg sendi honum helming af launum mínum. Hann þarf þess til að lifa; hann er reglupiltur mesti. Þar að auki hefi eg uppeldisdóttur, sem eg hefi sama kostnað af, sem væri hún dóttir mín. Getur nú hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd álitið ástæður okkar hr. Magnúsar jafnar? Eg tel víst, að hin réttsýna nefnd muni sjá, að svo er ekki.

Eg leyfi mér, auk þess að ofangreindar ástæður, að fara þess á leit, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

fyrir útsvar mitt niður í 80-85 krónur. Eg skal taka fram, að eg er fús á að mæta á fundi nefndarinnar og gefa munnlega frekari skýringar máli þessu til stuðnings, ef hinni háttvirtu nefnd þykir þess þörf.

Að öðru leyti fel eg mál þetta sanngirni og réttdæmi hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar.

Reykjavík 23. April 1909.

Ragnar Rafsson

[illegible]

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

129.

Hér með vil ég leyfa mjer að fara þess á leit við Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að færa niður aukaútsvar mitt um 5 kr. þar meðlögð kvittun sínir að ég hef borgað þá upphæð annarstaðar sem ég dvaldi 8 mánuði.

Reykjavík 24 apríl 1909

Þorkell Hreinsson
Lindargötu 34

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ókeypis læknishjálp læknaskólans.

Á þriðjudögum og föstudögum
kl. 12—1
í læknaskólanum, Þingholtsstr. 25.

Rp. Sigríður Þorsteinsd.
hefir ekki verið
fullvinnandi
í vetur og verður
ekki í vor — vegna
vanheilsu.

Reykjavík 20 14.09

G. Björnsson.

Nr. 122

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

130

Sökum þess að hin hátt virta niðurjöfnunarnefnd hefur síðastliðinn vetur lagt á mig 6 kr til sveitar sem jeg með öngu móti sje mjer mögulegt að borga þetta af þeim ástæðum sem hjer greinir og meðlagt læknisvottorð sýnir

Jeg er aleignalaus og hef verið undir læknishendi síðastliðinn vetur og er enn og veit ekki ~~[illegible]~~ hvað lengi verður Jeg vona að hin heiðraða nefnd taki ástæður mínar til greina og strikki mig út af gjaldandaskránni

Reykjavík 23 April 1909

Sigríður Þorsteinsdóttir Skólavörðustíg 25
Handsalað

Til Formanns niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

131.

Einsog niðurjöfnunarskráin ber með sjer, hefur mjer verið gjört 4 kr. útsvar, en þar sem jeg alls ekki á heimili hjer, heldur í Haukadal í Árnessýslu, og þar að auki verið hjer aðeins við nám í vetur, þá vil jeg virðingarfyllst mælast til þess að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd láti þetta útsvar falla niður.

p. t. Reykjavík, Bókhlöðustíg 7
20. apríl 1909.
Jóhanna Greipsdóttir.
frá Haukadal.

Til
Formanns niðurjöfnunarnefndarinnar.
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að kæra fyrir hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur útsvar hr. Halldórs Jónssonar bankaféhirðis. Útsvar það, er á hann hefir verið lagt er 350 kr hefir það verið hækkað eigi alllítið, og virðist mér það vera harla ástæðulítið. Laun hans nema alls síðastliðið ár, er dregið er frá það er hann varð að greiða fyrir vantalningu, eftir skýrslu hans sjálfs 4937 kr 87 aur., og mun það vera svipað og 1907. Og nú hefir hann orðið að sigla utan með konu sína til lækningar, og kostar það hann mikið fé, svo ástæður hans eru sýnilega eigi eins góðar nú og í fyrra. Og til slíks aukakostnaðar virðist mér að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd verða að taka tillit til.

Þegar mér og verður litið á ýmsa aðra menn, þá virðist mér, að frá því sjónarmiði séð, hljóti útsvar Halldórs Jónssonar að verða lægra. Það má víst teljast mjög sanngjarnt útsvar Klemensar Jónssonar landritara 325 kr, og hefir hann svo sem kunnugt er 6000 kr laun, en þá ætti útsvar Halldórs að vera lægra en eigi 25 kr hærra.

1. Hr. bankaritari Hannes Thorsteinsson, er hefir að launum með hlutdeild í ágóða Íslandsbanka um 3000 kr og auk þess málafærslustörf, t.d. allt fyrir Íslandsbanka, og því yfir 4000 kr tekjur og er einhleypur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barnlaus og privatríkur maður, hefir 100 kr. útsvar, með tilliti til þess etti Halldór Þórsson eigi að hafa meir en 150-200 krónur. Raunar virðist þetta útsvar vera svo óhæfilega lágt, að varla sé unt að una við það, en sýnilegt er að útsvar H. Thorsteinsson á að vera hærra og útsvar Halldórs lægra en ákveðið hefir verið.

2. dæmið er eg vildi benda á er herra ritstjóri (og núverandi ráðherra) Björn Jónsson. Útsvar hans er 225 kr. hjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd.

Útsvar það, er prentsmiðjunni Gutenberg er ætlað er 350 kr. og þótt það sé stór og mikil prentsmiðja, þá mun hún eigi hafa mikið meira en helmingi meiri prentun en Ísafoldar-prentsmiðja, og hagur þess hlutafélags mun eigi sem allra beztur. Með tilliti til þessa útsvars, mundi útsvar Ísafoldarprentsmiðju verða sanngjarnt með . . . 150 - 175 kr.

Á Pétur Halldórsson bóksala hefir verið lagður 50 kr., en það á bókaverzlunin, og minna getur eigi verið á Bókaverzlun Ísafoldar. það yrði því 50 kr.

Á Bókbandsstofu Ísafoldar mundi í samanburði við annað vera 25 kr.

Á Hannes Þorsteinsson ritstjóra Þjóðólfs eru lagðar 140 kr. Ísafold og ritstjóri hennar munu eigi hafa minna gjaldþol, en þótt eg ætli það 100 kr.

þá verður þetta . . 325 kr. - 350 kr.

og virðist það vera nokkurn veginn nærri lagi, og það vona eg að hin heiðraða niður-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jöfnunarnefnd viðurkenni, að hún athugar málið vel og aðgæti t. d. tekjuskattsskrá bæarins, að engin sanngirni mæli með því að Halldór Jónsson hafi 350 kr en Björn Jónsson 225 kr. Nú hefir ástæður B. J. breyst við ráðherrastarfann, en til þess hefi eg ekki tekið hér, en vænti þess að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd gjöri það.

3. samanburðinum er eg vildi gera, er á þeim kaupmönnunum Ben. S. Þórarinssyni og Siggeiri Torfasyni, er hafa hver um sig 200 kr útsvar. Báðir þessir kaupmenn ~~hafa~~ reka arðvænlega verslun, og hafa haft þúsundir króna í hagnað af tollhækkun þingsins nú í ár. Þetta er alkunna, auk þess eru báðir þessir kaupmenn skuldlausir og ríkir menn, miklu efnaðri en Halldór Jónsson, og ættu eftir því báðir að greiða hærra útsvar en hann.

4. samanburðinum er eg vildi gera er við hr. alþm. Magnús Blöndahl framkvæmdarstjóra. Hjá H/f. Skjaldbreið hefir hann 6000 kr árslaun, eða hærri laun en Halldór Jónsson, þar sem ekkert dregst frá launaupphæð hans, því félagið greiðir allan ferðakostnað. Það virðist því sjálfsagt að útsvar Halldórs sé lækkað samanborið við útsvar M. Blöndals, og 225 kr. útsvar M. Bl. hækkað

5 dæmið er útsvar hr. justisráðs Sighv. bankastjóra Bjarnasonar. Honum er gert 300 kr. útsvar. Auk launa þeirra er hann hefir í Íslandsbanka sem eru yfir 6000 kr hefir hann umboðsmensku fyrir brunabótafélagið „Nye danske", og mun lágt reiknað, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekjur hans af því nemi 2000 kr., því mér er kunnugt um, að tekjur annars umboðsmanns, er hefir þó minna félag en Nye danske, námu 1000 kr. tæpum árið 1908. Það félag hefir miklu minna en helmingi minna af policer hér á landi. Ef eg lít til þessa, og ber það saman við Halldór Jónsson, þá blandast mér eigi hugur um það, að útsvar Halldórs á að lækka.

Með tilliti til þessara samanburða, og fjölda annars er til mætti færa, svo og kostnað þess, er hr. Halldór Jónsson hefir nú af utanför konu sinnar, þá vona eg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd lækki útsvar hans, enda er mér spurn: að hverju og af hverju er hagur hans nú betri en í fyrra? En jafnframt vona eg að útsvör þeirra Hannes Thorsteinsson kand. jur. og bankaritara, Björns Jónssonar ritstjóra, og kaupmannanna B. H. Bjarnasonar og Siggeirs Torfasonar lækki.

Virðingarfyllst
Reykjavík 23 April 1909 –
Pétur Zophóníasson
(bankaritari)

Til
niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aths.

Ísaf.prsm. hafði minni tekjur síðastl. ár en að undanförnu; meira dregið frá brúttó-tekjum, verkalaun hækkað og vinnutími styttur. Verkið verður dýrara og þá nýjunkar vinnan. Mannafli nál. 1/3 á móti við Gutenberg.

Hvað sem líður ísaf. bóksölu, þá er svo mikið víst, að erlend bóksala við Ísafprsm er miklum mun minni en P.H., sem við er að búast, þar sem S.E. var búinn að ná undir sig einum allri útl. bóksölu þegar Ísaf. byrjaði á henni og síðan eru að eins nokkur ár.

Bókbandsverkstofa Ísaf.prsm. gefur sama sem engar tekjur af sér, er að eins haldið við vegna prentsm. og forlagsbóka. Vinnan ver eingöngu við það og liggur því talsvert af henni vaxtalaust í forlagsbókum.

Gjaldið hefir fyrir Ísafold um 25% minna síðastl. ár en í meðalári að undanförnu, eins og tekjutal blaðsins sýnir.

Enn má geta þess, að B.J. hafði síðastl. ár mjög tilfinnanlegan aukakostnað af veru Ólafs sonar hans í Berklahæli í Danmörku.

Þrátt fyrir allt þetta hefir útsvar B.J. hækkað um 25 kr., hefði auðvitað átt að lækka sem því svaraði, en þörf bæjarsjóðs gerir hækkun nauðsynlega og er ekki um það að fást.

Jafnan er mikill munur á því gjaldi, hvort maður hefir föst laun, greidd á vissum tímum, eða tekjur manns eru óvissar, komnar undir gjaldþoli [illegible] en svo hefir verið um tekjur B.J. — — Ó.B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

133.

Að skylda mig til að borga aukaútsvar 6 kr.
er algjörlega rangt.

Eg hefi 120 kr. árskaup.

Af því borga jeg árlega með 2 ára gömlu barni
minu, sem er hjá Grími Jakobssyni í Vesturgötu 59.
90 kr. Þær 30 kr. sem þá eru eftir nægja mér
tæplega fyrir nauðsynlegum fatnaði hvað þá meira
Vottorð um að þetta sé rétt, get jeg fengið bæði
frá ráðsmanninum í Laugarnesi og eins frá
Grími Jakobssyni.

Eg leyfi mér því að krefjast, að þetta 6 kr. útsvar sé
með öllu fellt burtu

Laugarnesi 23 april 1909.
Ingibjörg Josefsdóttir

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

134.

Laugarnesspítala Rvík 22 apríl 1909

Mjer brá heldur illa við þegar jeg fjekk seðil uppá aukaútsvar fyrir þetta ár 1909 því þótti mjer en meiri undur að mjer er gjört að borga 8 krónur á ári. Jeg er hjer hjúkrunarkona og hefi aðeins 250 kr. í kaup á ári, en er að reyna að svo mikla leiti sem jeg get að borga með systur minni, sem er sjúklingur á Kleppi. og læt jeg hjer með fylgja vottorð frá Gísla Þorbjarnarsyni bróður mínum um það að þetta er rjett. og get ef þurf þykir einnig fengið vottorð frá ráðsmanni spítalans hjer, um þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú með því þetta er svona og að
jeg umfremur á ablradan föður sem
jeg einnig ásamt öðrum mínum
eiskinum verð að sjá um að nokkru
leiti, þá verð jeg að biðja heiðraða
niðurjöfnunarnefnd Rvíkur að fella þetta
útsvar niður alveg í burtu, eða þá
að minsta kosti lækka það svo
mikið að ekki verði meira en 2 kr.
á ári það treysti jeg mjer að borga
hafi jeg heilsu en meira ekki.
Heiðrað svar nefndarinnar óskast sem
fyrst, að minsta kosti svo fljótt, að
jeg ef með þarf geti áfrýjað úrskurði
hennar til bæjarstjórnarinnar, en
vona að hann verði svo að þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þarf ekki;

Virðingarfyllst
Valgerður Þorbjarnardóttir
Hjúkrunarkona

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að gefnu tilefni gef jeg vottorð, að Valgerður Þorsteinsdóttir hjúkrunarkona á Laugarnesspítala, gefur að nokkru leiti með systur okkar, sem er sjúklingur (galin) á Kleppsspítala. —

Jeg er bróðir Valgerðar því er mjer kunnugt um þetta.

Reykjavík 23 apríl 1909

Gísli Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

135

Jeg Jónía Björg Jóhannesdóttir leifi mjer hjer með að biðja hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að gefa mjer að öllu leiti upp aukaútsvar mitt, sem er að upphæð 4 kr.

Ástæður fyrir beiðni þessari eru í stuttu máli þessar:

1 að jeg hef fyrir ómaga að sjá að svo miklu leiti sem efni mín leifa, (það er barn 5 ára gamalt) og þar að auki er jeg sjálf svo heilsulítil að jeg fæ meðlag barnsins að minnsta parti af mínum framfærsluhreppi, sem er [illegible] Dalasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af framangreindum
ástæðum vænast jeg því til
að útsvar mitt verði
strikað út þar að jeg á
lítt mögulegt með að
borga það.

Reykjavík 24. April 1907

Með virðingu

Jónína Björg Jóhannesdóttir

til heimilis á Njálsgötu 37

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

136.

Jeg leyfi mjer að láta hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd vita að mjer til störrar undrunar hef sjeð að nefndin hefur hækkað útsvar mitt þetta ár um 25 krónur, árið þar á undan um 20 krónur og árið þar á undan um 40 krónur, jeg vil því mótmæla að þessar hækkanir sjeu á rökum bygðar, efni min hafa ekki farið vaxandi síðustu ár en tekjurnar lækkað að störum mun, jeg vil því fá að vita hjá nefndinni á hverju hún byggir þessa hækkun.

Jeg gjöri ráð fyrir að nefndinni sje það ekki ljóst að jeg borga nú með syni mínum til Kaupmannahafnar 90 krónur mánaðarlega og með öðrum syni mínum sem hjer er í bænum 30 krónur mánaðarlega og vona jeg að nefndin sjái af þessu að jeg hlyti að hafa góðar tekjur ef jeg eptir þessa útborgun ætti að þola þetta útsvar, jeg krefst því að útsvarið verði fært niður í sama og síðastl. ár nefnilega 100 krónur, og þætti mjer æskilegast að jeg mætti gefa nefndinni munnlega skýrslu um tekjur mínar

Jeg skal nefna nokkra menn, sem jeg álít að sje óforsvaranlega lágt útsvar á.

1. Bergþór Jósefsson lætur nefndin borga 40 krónur, en þessi maður hefur á fjórða þúsund krónur í tekjur auk þess sem hann á talsverð efni.

2. Eyjólfur Eiríksson veggfóðrari lætur nefndin borga 125 krónur þessi maður hefur ágæta atvinnu og hefur engum fyrir að sjá nema vel vinnandi konu, sem hann erfði með fyrir skömmu full 25 þúsund krónur.

3 Indriði Einarsson endurskoðari lætur nefndin borga 85 krónur hann hefur í laun nú 3500 krónur 500 krónur sem endurskoðari í Íslandsbanka og mikla borgun fyrir samningu landshagsskýrsla, auk þess hafa dætur hans í tekjur frá Leikfjelagi Reykjavíkur aldrei minna en 900 krónur um árið og hef jeg ekki orðið var við að neitt hafi verið lagt á þær.

4. Magnús Einarsson dýralæknir á tvö börn en hefur tekjur í minnsta lagi 4000 krónur þennan mann lætur nefndin borga 100 krónur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Pálma Pálsson kennara lætur nefndin borga 10 krónum meira en mig og það álít jeg mesta hneyksli í allri skránni, hann hefur yfir 4000 krónur í tekjur auk þess sem hann er stóreignamaður, hefur frían bústað í skólanum, og hefur nú erft móður sína að fasteignum er hún átti, enda eru margir mjög hissa á þessari álagningu.

6. Frans Siemsen lætur nefndin borga 60 krónur en hann hefur eptirlaun um 1600 krónur, atvinnu hjá Duus 900 krónur, atvinnu fyrir dreng sinn þar 300 krónur og fyrir atvinnu dóttir hans hjá bæjarstjóra minnst 600 krónur, þennan mann gerir nefndin ekki einu sinni hálfdrætting við mig.

7. Hannes Thorsteinsson lætur nefndin borga 100 krónur en hann mun hafa 2700 krónur í föst laun auk þess hann hefur fjöldann allan af málsfærslustörfum, sem gefur góðan arð og hefur hann engum fyrir að sjá og er hinn mesti reglumaður.

Svona gæti jeg tínt til ótal dæmi og sýnt fram á hina afarmiklu vanþekkingu hjá nefndinni og skal jeg vera fús á að gefa nefndinni ítarlegri skýrslu annaðhvort munnlega eða skriflega viðvíkjandi hag þessara manna hvenær sem nefndin krefst þess.

Jeg krefst því hjermeð að útsvar mitt þetta ár verði lækkað að minnsta kosti niður í 100 krónur, en að útsvör þeirra manna undir stafliði 1-7 verði hækkuð að stórum mun.

Jeg ber það traust til nefndarinnar að hún nú hjer eptir leggi meira kapp á að kynna sjer ástæður manna enn hún hefur gjört nú undanfarin ár síðan jeg fór úr nefndinni.

Reykjavík 24. April 1909.

Kristján Þorgrímsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Tekjur
## Magnúsar Einarssonar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föst laun | | | 1600.00 |
| Kjötskoðun | | c. | 500.00 |
| Hestaskoðun | | c. | 400.00 |
| Praxis | brutto | c | 800.00 |
| Bráðapestarbólusetning | | | 100.00 |

NB

Tekjur af kjötskoðun í Borgarnesi haustið 1908
voru netto 300,00

## Tekjur
## herra konsúls Kristjáns Þorgrímssonar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Fyrir slökkviliðsstjórn | | Kr. | 600,00 |
| 2. " Útsend. stjórnartíð auk umboðs | | | 300,00 |
| 3. " Gjaldkerastörf leikfjelagsins | | | 100,00 |
| 4. " Innh. orgelgjalds og kirkjupössun | | | 100,00 |
| 5 Í húsaleigu | | | |
| a. Valnsveita Rörkur | 480.00 | | |
| b. Íbúð í austurenda uppi | 300,00 | | |
| c. Sölubúð | 300.00 | | |
| d. 5 herb. íbúð sjálfs hans | 600.00 | | 1680.00 |
| 6. Rentur (4%) af 10.000 kr. eign (lóðarverð) | | | 400.00 |
| 7. Rentur af annari eign („bankaforretning") | | | |
| 8. " Aktium í Steinar, Ísaum, Málum, Bað. ofl. | | | |
| 9. Atvinnutekjur af<br>a. innköllun skulda<br>b. málafærslu.<br>c. föst málafærslumannslaun o. fl. o. fl. | | | 1200.00 |
| 10. Ágóði af ofnasölu og annari verzlun læt<br>þ jafnast á við rentur af skuld (4000?) í<br>hús eign minni ~~[illegible]~~ | | | 0.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29 April 1909.

Kæri herra Pálmi Pálsson

Útaf reikningi sem þjer sýnduð mjer frá hr. Konsúl Kristjáni O. Þorgrímssyni skal jeg með virðingu taka það fram, að jeg hef til í þessum mánuði haft 3000 kr. tekjur, en vanti að hafa 3/5 úr 3500 kr + 500 kr það sem eftir er ársins, eða 750 kr þetta almanaks-ár (auka [illegible]). Fyrir að semja landshagsskýrslur fjekk jeg eitt árið af þeim fimm sem jeg hef verið í Stjórnarráðinu á 80 krónur, annað hef jeg ekki haft fyrir það, og annað fæ jeg ekki þannig, svo fyrir gjörsamlegt ... því jeg vinn að því sem reglulegar landshagsskýrslur í [illegible] nafni.

Með vinsemd og virðingu
Indr. Einarsson

Til

herra skólakennara Pálma Pálssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik hinn.30 April 1909.

I tilefni af kæruskjali, dags. 24. þ.m., til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar frá sænskum vice-konsul og brunamálastjóra Kristjáni Þorgrimssyni skal jeg, þar sem mál þetta er mjer að nokkru leyti skylt, leyfa mjer að geta þessa.

Skjal þetta hefir inni að halda sumpart kæru yfir útsvari því, sem lagt hefir verið á kæranda, sumpart bendingu til nefndarinnar um, að of-lágt útsvar hafi verið lagt á suma aðra gjaldendur hjer i bænum - en jeg er einn meðal þeirra- .

Jeg fæ nú ekki betur sjeð, en að kæra þessi sje með öllu ástæðulaus.

Að því er útsvar kæranda snertir, þá mun eflaust fæstum, nema honum sjálfum, þykja það of-hátt. Hann er - eptir hjerlendum ástæðum - álitinn að vera vel-efnaður maður, en jeg er ekki svo kunnugur hans högum, að jeg geti gefið nokkrar greinilegar upplýsingar i þessu efni, og skal að eins geta þess, að hann auk hinnar margvíslegu atvinnu sinnar á að minnsta kosti 2 hús hjer i bænum, og mun meðgjöf sú, sem hann verður að greiða með syni sinum hjer, koma uppi húsaleiguna af öðru húsinu. Hitt húsið er Kirkjustræti Nr 10. Þegar kona hans andaðist, hætti hann búskap og leigði út allt húsið nema 3 eða 4 herbergi, og mun hann fá háa leigu, þegar tillit er tekið til þess pláss, þar sem húsið er.

Jeg skal svo snúa mjer að útsvari því, sem lagt hefir verið á mig.

Við það, að jeg fjekk atvinnu við norska konsúlatið hjer, var útsvar mitt i fyrra hækkað úr 35 kr. uppi 60 krónur, þótti mjer það þá, eins og mjer þykir það nu, full-hátt eptir minum ástæðum.
Eins og hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd er kunnugt, eru tekjur minar samtals 2500 krónur. Aptur á móti verð jeg að greiða i ekkjukassann eða lifsábirgðargjald 265 krónur á ári hverju. Svo verð jeg að borga húsaleigu þar sem jeg bý. Ennfremur hvila á mjer talsverðar skuldir, þar á meðal um 2000,oo til bankanna. Eins og kærandi tekur fram er önnur dóttir min á skrifstofu borgarstjóra og fær þar 50 króna kaup á mánuði sem gengur til fatnaðar m.m.handa henni, en annað hefir hún kauplaust i

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimahúsum. Síðastliðið haust fluttist hún með borgarstjóra hingað til Reykjavíkur frá Hafnarfirði, þar sem hún hafði verið á skrifstofu hans og verið á hans heimili þar, svo þessi flutningur hennar hingað hafði í för með sjer útgjöld fyrir mig. Annar sonur minn er við verzlun hjer í bænum, en það er eðlilega ekki rjett hermt af kæranda, að hann fái 300 kr kaup á ári, hann fær 20 kr á mánuði, og fer það í klæðnað handa honum en að öðru leyti er hann í heimahúsum. Hin dóttir mín, sem einnig er uppkomin, hefir enga atvinnu og er í heimahúsum.

Samkvæmt þessum upplýsingum vona jeg, að hinni háttvirtu nefnd þyki útsvar það, sem lagt hefir verið á mig fyrir yfirstandandi ár, ~~sje~~ nægilega hátt.

Virðingarfyllst

Franz Siemsen

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

137

Rauðará 13. April 1909

ég undir skrifaður get ekki borgað sveitarútsvar sem á mig er lagt 8 krónur þar jeg hef þrjá ómaga að vinna firir virðingar. fillst

Jón Guðmundsson
vinnu maður á Rauðará

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

138.

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur lagt á mig undirritaðan 8 Kr. aukaútsvar, er það að vísu jafnmikið og síðastliðið ár; en með því að eg hygg að nefndinni hafi eigi verið kunnugt um að ástæður mínar eru nú miklu erfiðari en í fyrra, þá vil eg leyfa mér að skýra henni frá þeim og jafnframt fara þess á leit að þetta gjald verði lækkað.

Á síðastliðnu ári varð eg fyrir því óhappi að tapa sjón að miklum mun og á því erfiðara með að sæta ýmsri atvinnu, er eg áður gat tekið að mér.

Auk þess hefur dóttir mín, 21 árs að aldri, legið sjúk allan veturinn, nú síðast lengi á spítala og liggur þar enn, og hefi eg að sjálfsögðu orðið að reyna að standa straum af kostnaðinum við legu hennar.

Þótt eg ekki nefni fleira en þetta tvent, þá vona eg að hin háttvirta nefnd sjái að þessi umkvörtun mín sé á rökum bygð.

Það er því ósk mín að aukaútsvar mitt verði að minsta kosti fært niður í 5 – fimm – krónur.

Reykjavík, 24. apríl 1909
Grímur Grímsson
Bergstaðastr.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Rvk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

139.

Reykjavík 22. apríl 1909.

Með því að jeg hefi fengið vitneskju um að mjer beri að greiða í aukaútsvar árið 1909. Kr. 6⁰⁰, sem að mínu áliti er algerlega rangt í samanburði við tekjur mínar og það hvað lagt er á stúlkur í minni stöðu með sama kaupi, – þá leyfi jeg mjer að mælast til að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd færi útsvarið niður í hæfilega og sanngjarna upphæð. Jeg leyfi mjer að benda á, að stúlka, sem er í sama húsi og jeg og vinnur fyrir sama kaupi, Guðlaug Bergþórsdóttir – er látin greiða 4 krónur, er mun þó vera fyllilega nægilegt útsvar.

Virðingarfylls

Guðrún Guðmundsdóttir

Sjómannaskólastíg 10

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í

Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

140-1.

Hérmeð leyfi ég mér, fyrir hönd vinnuhjúa minna, Lárusar Jónssonar og Guðrúnar Hreinsdóttir, að biðja hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að lækka eða fella i burtu aukaútsvar þeirra, þar sem ástæður þeirra eru sem hér segjir:

Lárus Jónsson er maður heilsutæpur, á að sjá fyrir móður sinni sem um mörg ár hefur legið i kör, og er mér kunnugt um að mestur hluti kaups hans, fer sem meðlag með henni. Lika er hann alveg eignalaus maður.

Guðrún Hreinsdóttir, hefur fyrir 2 börnum að sjá, annað þeirra á að fermast i vor, enn hitt er á unga aldri. Mér er kunnugt um að hver einasti eyrir sem hún eignast gengur til þessara barna.

Þegar hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, hefur heyrt þessar ástæður hjúa minna, vona ég að hún sjái sér fært, að verða við beiðni minni.

Reykjavik, 22. april 1909.

Allra virðingarfyllst

Jónatan Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndar

Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

142.

Reykjavík 21. april 1909.

Það lítur út fyrir að hv. niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi gjört sjer allt of glæsilegar hugmyndir um árstekjur mínar og efnahag, þar sem hún hefur hækkað útsvar mitt um 25 kr. fyrir yfirstandandi ár eða fært það úr 35 kr. upp í 60 krónur, og fæ jeg með engu móti skilið, á hverju nefndin byggir þessa miklu hækkun, því að mjer er ekki kunnugt um, að árslaun mín hafi hækkað neitt síðan í fyrra. Þau eru 1500 kr., og aðrar tekjur hef jeg engar, sem neinu nemi, því að það sem jeg hef unnið mjer inn með tímakennslu á þessu skólaári er svo lítilfjörlegt, að það getur naumlega komið til greina.

Til þess að sýna hv. niðurjöfnunarnefnd fram á að þessi hækkun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á útsvari mínu er á engri sann-
-girni bygð í samanburði við
útsvarsupphæðir og efnahag ýmsra
annara borgara þessa bæjar, sem
hafa meiri árstekjur en jeg. En
lægra útsvar, skal jeg leyfa mjer
að nefna fáein nöfn til sam-
-anburðar.

Hr. málaflutningsm. Magnús Arnbjarnarson hefur 10 kr. lægra útsvar en jeg. Hann hefur, að kunnugra manna sögn, að minnsta kosti helmingi meiri árstekjur en jeg, og það hefur hann haft um all-mörg undanfarin ár; hann ætti því að hafa tölu-vert hærra útsvar en jeg.

Sömuleiðis má benda á stjórnar-ráðsritara Þorkel Þorláksson. Hann hefur um nokkur undanfarin ár haft, og hefur enn þá, 2-300 kr. hærri árslaun en jeg, en á hann er lagt 10 kr. lægra útsvar en á mig. — Jeg gæti bent mig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

saman við ýmsa fleiri einhleypa menn, sem hafa líka eða meiri árslaun en jeg. en tölvert lægra útsvar, en jeg álít ekki þörf á að telja þá upp.

Svo að jeg beri mig saman við gipta en ómegðarlausa efnamenn, þá get jeg bent á Jens Lange málara og Sigurð járnsmiðameistara Jónsson. Þeir hafa hvor um sig sama útsvar og jeg, og nær það vitanlega ekki nokkurri átt, að leggja jafn-hátt útsvar á mig, eignalausan mann – þótt einhleypur sje – eins og á hvorn þessara siðaðra manna, sem báðir eru stóreigna-menn.

Það sem jeg hef tekið fram hjer að framan ætti að nægja til þess að færa hv. niðurjöfnunarnefnd heim sanninn um það, að útsvar mitt hefur verið sett mikils til of hátt eftir árstekjum mínum, og skal jeg því að endingu leyfa mjer að mælast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess, að útsvar mitt verði fært niður í 40 kr., og verðum það samt 5 kr. hærra en það var fyrir síðastliðið ár, en þá hækkun gæti jeg sætt mig við, enda þótt árstekjur mínar sjeu engu meiri nú en þær voru í fyrra.

Með virðingu
Jón Þorvaldsson.
(Austurstræti No. 1).

Til
formanns niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

Í tilefni af samtali yðar við mig í gærdag, útaf kærum, sem niðurjöfnunarnefndinni hefir borist yfir aukaútsvörunum, skal jeg hjermeð tjá yður, að laun mín nú og fimm undanfarin ár hafa verið þessi:

a, sem skrifari í Stjórnarráðinu Kr. 1000.00
b, sem gjaldkeri holdsveikraspítalans í Laugarnesi " 300.00
c, sem reikningshaldari dómkirkjunnar " 200.00

Samtals Kr. 1500.00

Þar af hef jeg orðið að borga 40-50 kr. árlega fyrir að krefja inn gjöld og aðrar sendiferðir o.fl.

Reykjavík 30. april 1909.

Virðingarfyllst
Þorkell Þorláksson

Til
hr. adjunkts Pálma Pálssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№

Herra Jóhs. E. Gudmundsen,

ber að greiða til Stykkishólmshrepps fyrir fardaga-
árið 1908—1909

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Fasteignartíund . . . . . . . . | kr. | — |
| 2. | Lausafjártíund . . . . . . . . | — | — |
| 3. | Aukaútsvar . . . . . . . . . . | — | 40. — |
| | Samtals | kr. | 40. — |

sem greiðist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| I peningum [illegible] | kr. | 40 |
| Til | — | |
| Samtals | kr. | 40 |

Borgað M. Blöndal

Gjaldið sé greitt innan 31. desbr. þ. á.

Stykkishólmi 14/11 1908

M. Blöndal
(p. t. oddviti)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

143.

Þegar jeg kom hingað til bæjarins í þessum mánuði með S/S „Laura“ skildi jeg ekki í því, af hverjum ástæðum hin háttv. niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir lagt á mig 50 Kr. aukaútsvar fyrir yfirst. ár.

Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að upplýsa nefndina um það, að jeg hefi engan atvinnurekstur hjer í bænum, þótt jeg leigi húsnæði til þess að geta verið hjer þá kafla ársins sem jeg hefi ekki atvinnu annarsstaðar. – Í öðru lagi get jeg upplýst hina heiðruðu nefnd um, að í Stykkishólmi, er jeg hafði atvinnu síðastl. sumar er mjer gjört 40 kr. útsvar.

Jeg leyfi mjer því að vænta þess að nefndin af ofangreindum ástæðum lækki útsvar mitt niður í 20 Kr. sem jeg er fús til að greiða til Reykjavíkurbæjar, úr því að jeg hefi hjer að nokkru leyti heimilisfang þótt jeg hafi hjer ekki atvinnu.

Reykjavík, 20. apríl 1909

Virðingarfyllst

G. E. J. Guðmundsson
(bryggjusmiður)

Til
Niðurjöfnunarnefndar aukaútsvara Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

144.

Þar sem jeg verð að álíta að niður-
jöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi af ókunnugleik
um hagi mína og efni lagt á mig 50 króna
útsvar til Reykjavíkurkaupstaðar 1909, þá skal jeg
hjer með leyfa mjer að gefa skýrslu um
hag minn og um leið krefjast þess að
útsvar þetta verði felt í burtu eða
lækkað að miklum mun.

Jeg bý á Vatnsenda og hef enga aðra
atvinnu; í Seltjarnarneshreppi, þar sem
jörð þessi liggur, er lagt á mig 130 króna
útsvar og virðist það harla ríflegt
þó þar sje ekki viðlíkt útsvari í Reykja-
vík, sem svarar til velmegandi atvinnu-
rekanda og vil jeg nefna sem dæmi að
söðlasmiður Samúel Ólafsson hefur að eins
40 króna útsvar.

Ennfremur skal jeg geta þess að jeg er
ómagamaður, á 5 börn á aldri á 1. ári til 9 ára,
og á engar arðberandi eignir, aðrar, en
jörðina Vatnsenda og 2 smá hús í Reykjavík, sem
alt er ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ veðsett fyrir skuldum, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nema svo mikla að þær aðeins geta hallast að bera sig sjálfar.

Reykjavík 22. apríl 1909

Sveinn Jónsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

145.

Eg undirritaður leyfi mér hérmeð að fara þess á leit, að aukaútsvar það, að upphæð 4 kr., sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á Elínu Magnúsdóttur, Grjótagötu 9, fyrir árið 1909, verði felt burtu.

Eins og eg veit að sumum niðurjöfnunarnefndarmönnum er kunnugt, er stúlka þessi heilsulaus og með öllu ófær til að vinna fyrir sér sjálf, og hefir því nú um mörg ár lifað mestmegnis á því sem vinir hennar og vandamenn hafa látið henni í té. Auk þess hefir hún árum saman notið styrks úr alþýðustyrktarsjóði. Um gjaldþol til að greiða aukaútsvar er hér þess vegna alls ekki að ræða, og þykist eg vita að nafn hennar hafi komist inn á niðurjöfnunarskrána aðeins af því að kunningjar hennar í nefndinni hafi ekki í svipinn áttað sig á því.

Reykjavík 18. april 1909.

Sigurður Jónsson
barnakennari.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

146.

Sigríður Guðmundsdóttir, Vesturgötu 51, hefir beðið mig að fara þess á leit fyrir sig við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að aukaútsvar það, að upphæð 4 kr., sem henni hefir verið gert að greiða fyrir yfirstandandi ár, verði felt burtu.

Mér er það kunnugt, að stúlka þessi, sem er systir Guðmundar sál. fógetaskrifara, er mjög heilsubiluð vegna afleiðinga af skoti, sem fór nálægt henni fyrir mörgum árum, og marga menn reka minni til. Að hún hefir komist af án þess að njóta verulegs styrks, er eingöngu að þakka alveg sérstakri sparneytni hennar og vilja á því að vera eigi öðrum til byrði. Þó skal þess getið, að hún hefir um mörg ár notið styrks úr alþýðustyrktarsjóði. Eignir hefir hún engar við að styðjast.

Reykjavík 18. apríl 1909.

Sigurður Jónsson
barnakennari.

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

147.

№ 1091.

~~Herra~~ Guðrún Jónsdóttir
Kr. Grett. 18.

á að greiða í bæjarsjóð árið 1909:

| | Kr. | Au. |
|---|---|---|
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . . | 4 | " |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 4 | " |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík 15. Apríl 1909.* MARZ

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

Gutenberg 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

148

№ 1392

~~Herra~~ Ingunn Þorsteinsdóttir
Lv. Lv 18 b.

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| á að greiða í bæjarsjóð árið 1909: | | |
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . . | 6 | 1 |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 6 | 1 |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á.**
**en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík 15. ~~apríl~~ MARZ 1909.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

Gutenberg 1909.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

149.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1909, hefi jeg sjeð, að útsvar það, er nefndin hefir lagt á mig er kr. 50.oo, en það álít jeg að eigi geti verið sanngjarnt eptir útsvörum annara á sömu skrá og skal jeg til samanburðar benda á eptirtalda menn:

| | | |
|---|---|---|
| Hannes Hafliðason skipstj. | kr. | 50.oo |
| Helga Teitsson hafnsögum. | " | 40.oo |
| Kolbein Þorsteinsson skipstj. | " | 40.oo |
| Ólaf Sveinsson gullsm. | " | 50.oo |
| Schau. Jul. steinhöggvara | " | 55.oo |
| Þorstein Tómasson járnsm. | " | 50.oo |

Nefndin hlýtur að geta aflað sjer þeirra upplýsinga, er gjöra henni ljóst, að allir þessir menn hafa meiri eignir og betri ástæður en jeg og það svo að útsvar mitt í samanburði við þeirra, getur ekki talist sanngjarnt.

Ennfremur skal jeg benda á Einar Hjörleifsson ritstjóra með kr. 15.oo og get jeg ekki sjeð, hvernig hægt er að samrýma það við útsvar mitt.

Samkvæmt ofannefndum ástæðum, leyfi jeg mjer að krefjast þess, að útsvar mitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði lækkað niður í kr. 30.oo því jeg álít, að það sje sú upphæð sem mjer beri að borga hlutfallslega.

Frekari ástæður fyrir þessari kröfu minni skal jeg færa, ef þess er óskað.

Reykjavík 20 april 1909

Guðm Loptsson
(bankaritari)

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

150.

Jeg undirrituð leyfi mjer hjer með að gefa hinni
heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar til kynna
að mjer fynst als ekki rjettlátt að leggja á mig 6 Kr. útsvar,
þar sem jeg nú síðastliðinn vetur hefi verið hér við nám,
og sömuleiðis þar sem jeg undanfarna vetur hefi varið
talsverðum peningum til náms, og hafði þá ekki til ann-
ars að taka en þess litla kaups sem jeg þá fjekk sem
vinnukona, og svo nú sumarkaups míns síðastliðið sumar
Jeg leyfi mjer því að fara þess á leit við heiðraða niður-
jöfnunarnefnd Reykjavíkub. að hún ~~b~~ekki útsvar mitt til
muna þar sem jeg álít mig ekki hafa ástæður til að borga
áðurnefnt útsvar Kr. 6.00.

Reykjavík. Baronsstig 28. 27/4 1909

Elín Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

151.

Við móttöku á útsvarsseðli stíluðum til mín sje jeg að hin háttvirta niðurjöfnunar=nefnd hefur þóknast að leggja á mig 6 kr. aukaútsvar, sem jeg ekki get sjeð; að sje nokkur sanngirni í. þar sem jeg er aðstoðarlaus ekkja og hef fyrir ungu barni að sjá, mínum eig-indómur er ekki annað en það sem jeg vinn fyrir daglega.

Jeg tek engan til samanburðar því jeg á lít þess ekki þörf.

Þar hin háttvirta bæjarstjórn hefur nú fengið upplýsingar um ástæður mínar.

Jeg vil því leyfa mjer að krefjast þess af háttvirtri bæjarstjórn að færa aukaútsv-ar mitt niður í 2-3 kr. það er jeg fús til að borga, en meira get jeg ekki og vil ekki borga

(Laugaveg 43) Reykjavík 22/4-09

Virðingarfyllst

Helga Einarsdóttir

Til
Bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

151

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

154

(Sigurðar hús)

Reykjavík, Holtsgötu 7/5 09

Jeg leyfi mjer að tjá hinni háttvirtu niðurjöfnunar nefnd, að jeg hefi barn til að sjá fyrir og þar afleiðandi finn jeg ástæðu til að álíta að jeg sje ekki skild til að greiða bæjargjald það sem mjer er ætlað að greiða, enda hefi jeg full erfitt með að sjá fyrir barninu þótt önnur útgjöld bætist ekki á mig

Þetta vona jeg að hin háttv. Niðurjöfnunarnefndi taki til greina og felli burtu útsvars skilduna. Jeg legg hérmeð [illegible]

mjer var afhentur á þriðjudaginn 4 p.m.

Virðingarfyllst
Gróa Ingimundardóttir

til
Niðurjöfnunarnefndar Rvíkur 1909.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík. 1. maí 1909.

Einn af meðnefndarmönnum yðar hefir tjáð mjer munnlega, að komið hafi fram útsvarskærur frá herra konsúl Kristjáni Þorgrímssyni og herra bankagjaldkera Halldóri Jónssyni þar sem mín og efnahags míns sje getið. Þar sem mjer leikur hugur á að kynnast með eigin augum þeim köflum úr kærunum, sem mig snerta, vildi eg mega beiðast þess, að þjer vilduð svo vel gjöra að láta mjer í tje eptirrit af þessum kærum eða að minsta kosti útdrátt úr þeim, sem mig varða.

Virðingarfyllst.

Hannes Thorsteinsson

Til

Formannsins í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I.

# Athugasemdir

## við skrifuðu niðurjöfnunarskrána 1909.

Mér virðist að niðurjöfnuðu aukaútsvörin, eftir því sem fært er niður í hverri blaðsíðu um sig, hefðu átt að vera . . . . . . . . . . . . . Kr: 88.386.00
en ekki Kr: 88.380 eins og nefndin skrifar.
Þar við er þó að athuga, að samlagningarvillur hefi eg orðið var við þær, er getur um á hjálögðu blaði, sem sýna oflítið fært niður Kr: 96.00
Samtals Kr: 88.482.00

Þar frá dregst: Ofmikið fært niður Kr: 324.00 samanber hjá lagt blað og auk þess tvískrifað: Bjarni Jo. Johnsson með Kr: 20.00 = 344.00
Aðalupphæðin telst mér því að eiga að vera Kr: 88.138.00
118
Rétt
Eg hefi lagt saman og fært niður í blð. 167–181 og er því vissara að telja þar eftir.

Ef niðurjöfnunarnefndin kemst að sömu niðurstöðu og eg hér að ofan, bið eg hana að gefa mér viðurkenningu fyrir því, því niðurjöfnunarskráin er lögð til grundvallar fyrir þeim tekjum sem gjaldkeri á að standa skil á.

Virðingarfyllst.
Reykjavík 22. marz 1909.
Borgþór Jósefsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

~~Auk þess~~ Ásta Hallgr. 10
~~Ár +~~ Árni Thorst 4
Anna Bened. [illegible] 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

# Athugasemdir.

Auk þess sem áður er getið til athugunar við skrifuðu niðurjöfnunarskrána, hefi eg orðið var við í henni þessar villur:

| | | |
|---|---|---|
| Ásta Hallgrímsson ekkjufrú og | | 10 Kr og |
| Hallgrímsson Ásta ekkjufrú með | | 10 Kr. |
| Árni Thorlacius bókfr. Runólfshúsi | — | 4 Kr og |
| Thorlacius Árni | — — — | 6 Kr. |

Prentvillur í þeirri prentuðu hefi eg orðið var við þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Agust Julius Rögnvaldsson | með 25 Kr. á að vera | 20 kr. |
| Anna Baldvinsdóttir Aust. 20 | — 7 — — — — | 6 — |
| Eyjólfur Guðmundsson Laugav. 24B | — 14 — — — — | 12 — |
| Sigurður Sigurðsson Aðalstr. 9 | — 12 — — — — | 16 — |

Sigurður Sigurjónsson fyrir Sigurþórsson

Sveinn Sveinsson Óðinsgötu 7 með 61 Kr í stað 16 kr.

Alt þetta óska eg að sé leiðrétt í því eintaki sem mér verður afhent til að innheimta eftir, því það þarf í sínum tíma að fylgja árs reikningnum sem fylgiskjal með tekjum bæjarsjóðs.

Loks hefi eg ekki orðið var við á skránni:

Slept m. vilja Bjarna Bjarnason Ingólfsstr. 23 (Bergi), né

Dto Guðmund Oddsson í Klapparstíg 5.

Virðingarfylst
Reykjavík 16. april 1909.
Borgþór Jósefsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samlagningarvillur

hefi eg orðið var við í skrifuðu niðurjöfnunarskránni svo er hér segir:

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á bls. 3 | ofmikið fært niður | | Kr: 12.00 |
| — — 9 | — — — | | — 4.00 |
| — — 11 | oflítið fært niður | Kr: 5.00 | |
| — — 24 | Ofmikið — — | | — 150.00 |
| — — 32 | — — — | | — 50.00 |
| — — 49 | — — — | | — 5.00 |
| — — 77 | — — — | | — 25.00 |
| — — 91 | — — — | | — 4.00 |
| — — 111 | — — — | | — 4.00 |
| — — 131 | — — — | | — 60.00 |
| — — 132 | Oflítið — — | — 25.00 | |
| — — 136 | — — — | — 50.00 | |
| — — 137 | — — — | — 16.00 | |
| — — 153 | ofmikið — — | | — 10.00 |
| | = Oflítið fært niður | Kr: 96.00 | |
| | = Ofmikið fært niður | | Kr: 324.00. |

Rétt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur